

AUGLÝSING

um deiliskipulag hafnarsvæðis Sandgerðisbæjar – Suðursvæði, Sjávarheimar.

Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar samþykkti þann 7. maí 2008 deiliskipulag fyrir Suðursvæði - Sjávarheima. Deiliskipulagið nær til reits sem afmarkast af núverandi íbúðarsvæði við Miðtún og Norðurtún til austurs, friðlýstu svæði Ósa við Stóra Búðarsker til vesturs og suðurs og Eyrargötu til norðurs.

Deiliskipulagið felur í sér skilgreiningu nýrra lóða fyrir atvinnuhúsnæði, verslun, þjónustu og hafnsækna starfsemi ásamt nýrri lóð Sjávarheima á suðvesturhluta skipulagssvæðisins og útivistarsvæði.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sandgerði, 18. júlí 2008.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. ágúst 2008